við frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

1. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Um námsáfanga, markmið þeirra, megininntak, umfang og skipan á námsbrautir skal ákveðið í námsskrá, sem menntamálaráðuneytið setur í samráði við samtök kennara og nemenda á framhaldsskólastigi. Námsáfangar í sama eða sambærilegu námsefni skulu jafngildir á öllum brautum þar sem þeir eru hluti af náminu. Sé verkþjálfun liður í námsáfanga skal hún metin til eininga svo sem aðrir námsþættir.
2. Við 27. gr. Í stað 1. málsl. 3. málsgr. komi:
   Menntamálaráðuneytið setur eða skipar skólastjóra framhaldsskóla að fengnum tillögum og umsögnum skólanefndar og fastra kennara við skólann sé ekki um nýjan skóla að ræða. Ráðuneytið setur eða skipar fasta kennara að fengnum tillögum og umsögnum skólanefndar og skólastjóra viðkomandi skóla.
3. Við 28. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Setja skal í reglugerð ákvæði um orlof og endurmenntun starfsmanna framhaldsskóla. Við setningu þeirra skal þess gætt, að réttindi kennara í þessum efnum verði eigi minni en þau eru skv. núgildandi lögum og reglugerðum.
4. Við 30. gr. Úr staflið b falli niður orðin „gegn jafnháu framlagi sveitarfélaga".
5. Við 32. gr. Við greinina bætist:
   Sama máli gegnir um skóla sem nú eru reknir af ríkinu einu ef ekki næst samkomulag við sveitarfélög um rekstraraðild samkv. 31. gr., sbr. og 36. gr., enda sé um sérhæft nám að ræða.
6. Við 33. gr. Í stað síðustu málsgr. komi:
   Námsvistargjöld skulu greidd úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga af framlagi sjóðsins til viðkomandi sveitarfélags. Skal menntamálaráðuneytið afla og leggja fram þau gögn sem nauðsynleg eru í því skyni.
   Í skólum, sem reknir eru af sveitarfélögum ásamt ríkinu, renna námsvistargjöldin til þeirra sveitarfélaga sem að rekstri skólans standa.
7. Við 34. gr. Greinin orðist svo:
   Kostnaður vegna sérstakra námskeiða, sem stofnað er til skv. 15. gr., greiðist sem hér segir: Rekstrarkostnaður húsnæðis, svo sem ljós, hiti, ræsting og viðhald, greiðist eftir þeim reglum sem gilda um sömu kostnaðarliði í reglulegu starfi skólans. Annar kostnaður við námskeiðin skal að þriðjungi greiddur úr ríkissjóði, að þriðjungi af sveitarfélögum og að þriðjungi innheimtur með námskeiðsgjöldum af nemendum, sem þó skulu aldrei á einstökum námskeiðum fara yfir hámark sem ákveðið skal í reglugerð. Slík reglugerðarákvæði skulu miða að því að ekki verði óeðlilegt misræmi í námsskeiðsgjöldum.
8. Á eftir 34. gr. komi ný grein svo hljóðandi:
   Föst laun skólastjóra, kennara og annarra starfsmanna, sem menntamálaráðuneytið setur eða skipar, greiðist beint úr ríkissjóði. Hluti ríkissjóðs í öðrum kostnaði skóla, sem reknir eru af sveitarfélögum, skal greiddur mánaðarlega samkvæmt áætlun sem menntamálaráðuneytið samþykkir. Uppgjör skal fara fram árlega þegar endurskoðaðir reikningar liggja fyrir.
9. Við 35 gr. (sem verður 36. gr.). Síðari málsgr. orðist svo:
   Við breytingar á rekstraraðild skólastofnana á þessum tíma skulu fasteignir þær, sem reistar hafa verið og notaðar til skólahalds, ásamt búnaði og tilheyrandi lóðum vera áfram til afnota fyrir skólastarf án endurgjalds. Verði sú skólastarfsemi, sem þannig er stofnað til, lögð niður innan fjögurra ára frá breyting-

unni skal eignunum ráðstafað sameiginlega af þeim aðilum, sem áttu þær fyrir, og skipt milli þeirra í samræmi við fyrri eignaraðild.

10. Við 37. gr. (sem verður 38. gr.). Upphaf greinarinnar orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eins fljótt og við verður komið að dómi menntamálaráðuneytisins og eigi síðar en að liðnum 5 árum frá gildistöku, sbr. og 36. gr. Jafnframt falla úr gildi lagaákvæði er fara í bága við lög þessi. Eftirtalin lög um skóla á framhaldsskólastigi skulu gilda til bráðabirgða þar til settar hafa verið reglugerðir um tilsvarandi námsbrautir, skólagerðir eða skólastofnanir með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 37. gr., enda hafi Alþingi áður gefist kostur á að marka stefnuna með samþykkt þingsályktunar um meginefni viðkomandi reglugerða, sbr. lokamálsgrein þessarar greinar.